



## **173. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 7. maí 2013 kl. 09:00.**

Mætt: Olga Lísía Garðarsdóttir (skólameistari), Sandra D. Gunnarsdóttir (tilnefnd af Mrn), Eydís Þ. Indriðadóttir (tilnefnd af SASS), Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri), Jón Hjartarson (tilnefndur af Mrn), Jón G. Valgeirsson (tilnefndur af SASS), Sigprúður Harðardóttir (formaður foreldraráðs) Sigprúður Jónsdóttir (tilnefnd af SASS), Þórarinn Ingólfsson (aðstoðarskólameistari) og Ægir Pétur Ellertsson (tilnefndur af kennarafundi). Markús Árni Vernharðsson (formaður nemendaráðs) var fjarverandi.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Ársreikningur 2012**

##### **○ Fjárfestingarreikningur FSu**

Haraldur Eiríksson fjármálastjóri fór yfir og útskýrði rekstrarniðurstöður ársins 2012. Halli var upp á tæpar 19 milljónir. Að auki kynnti og útskýrði Haraldur fjárfestingarreikning ársins 2012.

#### **2. Laus störf – ráðningar fyrir næsta skólaár**

Olga Lísía sagði frá stöðunni varðandi laus störf við skólann. Í máli hennar kom meðal annars fram að ráða þurfi íþróttakennara í 50% starf. Þá þarf að ráða nýjan kórstjóra en Stefán Þorleifsson sem stjórnað hefur kórnum sl. 9 ár hættir í vor. Kristín Stefánsdóttir matreiðslukennari hætti vegna aldurs. Núverandi kennari í matreiðslu bætir við sig kennslu (ekki auglýst). Þrír starfsmenn fara í námsorlof á næsta skólári, myndlistarkennari, tölvuþjónustustarfsmaður og námsráðgjafi í 75% starfi. Ráðið verður í hluta þessara starfa en núverandi starfsmenn bæta við störf sín að hluta. Þá þarf að endurráða verkefnastjóra innan skólans.

#### **3. Nýjar skólasóknarreglur - kynning**

Skólameistari sagði frá aðdraganda þess að ákveðið var að endurskoða skólasóknarreglurnar. Dreift var drögum að nýjum skólasóknarreglum. Með þessum nýju skólasóknarreglum er verið að herða reglurnar þannig að nemendur hafa ekki leyfi til þess að vera eins mikið fjarverandi og áður hefur verið. Einnig er verið að reyna að bregðast við brottfalli úr skólanum. Tekið skal fram að nemendur hafa komið að þessum nýju drögum að skólasóknarreglum. Umræður sköpuðust um reglurnar til dæmis um 18 ára aldurinn og hvort þeir nemendur ættu að vera með frjálsta mætingu.

#### **4. Önnur mál :**

##### **○ Brautskráning 24. maí kl. 14.00**

Sagt frá fyrirhugaðri brautskráningu og því að formaður skólanefndar taki til máls og afhendi þeim einstaklingi sem bestum árangri nær viðurkenningu.

##### **○ Námskeið kennara 27. – 29. maí**

Stefnt er að námskeiði fyrir kennara og aðra starfsmenn dagana 27. til 29. maí þ.e. eftir brautskráningu. Dagskráin liggur nokkuð ljós fyrir og útskýrði skólameistari hvað gera á þessa daga.

##### **○ Dagatal næsta skólaárs**



Kynnt var fyrirhugað dagatal skólaársins 2013 til 2014.

○ **Viðbrögð við ályktun**

Borist hefur svar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna bréfs sem sent var frá skólanefnd vegna reiknilíkans. Þakkað er fyrir bréfið og ábendinguna.

**Samúðarkveðjur**

Skólanefnd fer fram á það við skólameistara að komið verði samúðarkveðjum frá nefndinni til fjölskyldu Þórs Vigfússonar fyrrverandi skólameistara skólans vegna andláts hans.

Næsti fundur er fyrirhugaður 10. september

Fundi slitið kl. 10:36

Fundarritari,

Þórarinn Ingólfsson